



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á hátíðarsamkomu í Stykkishólmi**  
**í opinberri heimsókn til Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu**  
**4. október 2000**

Ágætu Snæfellingar  
Góðir samkomugestir

Þessir dagar hér á Snæfellsnesi hafa svo sannarlega verið frábærir í alla staði og eiginlega finnst mér réttast að halda bara áfram út vikuna svo margt forvitnilegt og fróðlegt hefur borið fyrir augu og sett svip á þá fjölbreyttu dagskrá sem þið höfðuð undirbúið.

Sú bábilja heyrist stundum á höfuðborgarsvæðinu að einhæfnin sé svipmót landsbyggðarinnar. Kannski er hún sprottin af vaxandi reynsluleysi íbúa suðvesturkjálkans af fjölbreyttum lífsháttum í faðmi náttúrunnar og takmörkuðum kynnum af þeirri auðlegð og þeim tækifærum til nýsköpunar sem blasa við um landið allt og vissulega hafa sett ríkulegan svip á samvistir okkar þessa daga.

Siglingin um Breiðafjörð fyrr í dag, fegurð lands og eyja, litadýrðin og samspil hafs og himins. Heimsóknin í klaustrið og St. Fransiskusjúkrahúsið. Alúðin við gamlar minjar, húsin sjálf og búnað allan sem þið í Stykkishólmi hafið varðveitt af metnaði. Þrótturinn í skólasterfinu, gleði og lífsorka æskunnar sem hér vex úr grasi. Kraftmikið atvinnulíf á Nesinu öllu, bæði hér í Stykkishólmi, í Grundarfirði og í Snæfellsbænum. Atorka bændanna við þróun nýjunga í landbúnaði. Ferskar áherslur í ferðaþjónustu og umhverfisvernd. – Allt hefur þetta ásamt mörgu öðru gert þessa daga að gleðilegri og dýrmætri reynslu, aukið þekkingu mína og skilning á framför ykkar og framtíðardraumum.

Það hefur verið mér metnaðarmál að rækta vel tengslin við hinar dreifðu byggðir og reyna að efla þekkingu á högum fólks og þeim óþrjótandi tækifærum til nýsköpunar sem finna má á landsbyggðinni og þjóðin þarf öll að nýta til fullnustu.

Íslenskt samfélag hefur löngum verið samheldin fjölskylda og erfitt að draga skarpar línur sem skipta þjóðinni í ólíkar sveitir. Sú nýsköpun og endurnýjun sem brýnt er að styrkja á komandi öld á sér rætur og verksvöll um landið allt. Það hefur svo sannarlega verið ljóst í heimsókninni um Snæfellsnes, í viðræðum við unga og aldna, í lýsingum á viðfangsefnum og framtíðardraumum ykkar.

Það er í senn villandi og hættuleg hugsun að halda að drifkrafturinn til nýjunga og framfara búi allur í höfuðborginni og byggðunum þar í kring og þess vegna eigi landsbyggðin undir högg að sækja.

Framfarir í sjávarútvegi og fiskvinnslu, höfuðgreinum í atvinnulífi okkar Íslendinga hafa framfarar öðru byggst á hugviti og hæfni þess fólks sem unnið hefur á þeim vettvangi um landið allt. Það sjáum við vel hér í Stykkishólmi þar sem rækjuvinnsla Sigurðar Ágústssonar hefur lengi verið í fararbroddi og auk þess orðið öðrum vegvísir um varðveislu gamalla minja, björgun þess menningararfs í húsum og gömlum gripum sem verður okkur sífellt kærari þegar tímar líða.

Frumkvæði í ferðaþjónustu, atvinnugrein sem margir telja helsta vaxtarbrodd og tekjulind nýrrar aldar, frjó hugsun og nýjar áherslur í þjónustu við erlenda gesti, einkum hvernig þeim eru kynntir undraheimar íslenskrar náttúru og þau tækifæri sem hér bjóðast til heilbrigðra lífshátta – allt hefur þetta orðið Íslendingum ljósara á síðstu árum meðal annars vegna brautryðjendastarfs og forystu Snæfellinga og má þar nefna framtakið sem nýlega var heiðrað á sérstakan hátt með Umhverfisverðlaunum Ferðamálaráðs.

Vaxandi skilningur á auðæfunum sem felast í hinni fjölbreyttu náttúru landsins, samspili lita og ljóss, hafs og himins, eyja og lands, jökuls og dala, hrauns og vatna, fjarða og voga – lotningin fyrir hinni miklu hljómkviðu sköpunarverksins sem Ísland flytur okkur og góðum gestum hvern einasta dag, hverja stund, í morgunroða eða aftanskini, á vetrarnótt eða sumardeg: þessi nýja sýn á land okkar, auðæfin sem við eigum í íslenskri náttúru hefur orðið skarpari á undanförunum árum meðal annars vegna þess góða starfs sem unnið hefur verið hér á Snæfellsnesi.

Þar hafa margir komið að verki en mig langar að nefna sérstaklega leiðsögumann minn frá því fyrr í dag þegar bæjarstjórnin bauð til siglingar um Breiðarfjörð: Guðmund Pál Ólafsson – og óska honum til hamingju með hið glæsilega verk um hálendi Íslands sem út kom í síðustu viku. Bókin er ekki aðeins einstök að allri gerð og innihaldi heldur markar hún einnig þáttaskil í þekkingu okkar Íslendinga á fjölbreytilegri náttúru og tign öræfanna. Guðmundur er margra manna maki í þessari bók sem hinum fyrri, gagnmenntaður náttúrufræðingur, einstæður myndasmiður, dráttthegur og fundvís á bókmenntaperlur og frásagnir sem varpa sérstæðu ljósi á viðfangsefni hans. Og hið frábæra framlag hans til fróðleiks um náttúru Íslands sýnir svo sannarlega hve skapandi fræðastarf er stundað hér við Breiðarfjörðinn.

Sjávarútvegur, ferðaþjónusta, fræðsla um náttúru Íslands og fjölmargt annað mætti nefna frá þessum góðu heimsóknardögum sem sýnir kraftinn til frumkvæðis sem býr með ykkur Snæfellungum og hve mikilvægt er að þjóðin öll skilji til hlítar hve ríkulegur þátttakandi landsbyggðin er í nýsköpun og framfarasókn íslenskrar þjóðar. Ég vil hér í kvöld færa ykkur einlægar þakkir fyrir ykkar mikla framlag og vona að þið haldið ótrauð áfram á þessari braut.

Það hefur löngum verið sagt um Snæfellinga að þeir færu gjarnan ótroðnar slóðir og hafi til forna lítt haldið sig á alfaraslóð. Hvað sem hæft kann að vera í því er greinilegt að hér býr ekki aðeins mikill kraftur í iðrum jarðar heldur einnig í mannfólkinu.

Í samræðum við æskuna sem hér vex úr grasi og ég heimsótti í skólunum skynjaði ég einurð og áræðni, sjálfstæði og sköpunarþrótt sem áreiðanlega munu nýtast vel í framtíðinni. Mér þótti einstaklega ánægjulegt að finna þann ríka metnað sem einkennir skólustarfið og hve skýr sá skilningur er að skólinn er nú orðinn sú verkstöð sem úrslitum ræður um framtíð þjóðarinnar.

Í raun hefur mér fundist bæði í heimsókn minni hér á Snæfellsnesið og í öðrum slíkum um byggðir landsins að í skólunum til sveita og í sjávarbyggðum sé að finna einstakan þrótt til nýsköpunar og hugsunar um framtíðina. Kannski er það nálægðin við náttúruna, náin kynni af sjósókn og sveitinni strax í æsku, taktinum í atvinnulífi árstíðanna; kannski er það dýpri skilningur á mikilvægri tækni samtímans til að leita upplýsinga og skapa tengsl í allar áttir, byltingunni sem rofið hefur einangrunina sem einkenndi æsku okkar sem á árum áður ólumst upp úti á landi; kannski er það allt þetta og lifandi vitneskja um hinn dýrmæta arf sögu og

menningar sem gert hefur skólana í hinum smærri og meðalstórum byggðum að jafn fróðlegri verkstöð og raun ber vitni.

Ég vona að þið Snæfellingar haldið áfram að sýna þessu menntastarfi þá alúð og metnað sem ég hef kynnst í heimsókn minni því í skólunum býr svo sannarlega sá framtíðarkraftur sem þjóðin öll þarf á að halda.

Þar tvínum við saman nútíð og framtíð, vinnum úr arfleifð fyrri tíðar það veganesti sem best kann að duga á nýrri öld.

Við höfum á þessu hátíðarári landafunda og kristnitöku minnst viðburða sem einna hæst hafa risið í okkar sögu. Einnig þar hafið þið Snæfellingar verið í fararbroddi ásamt nágrönnum ykkar í Döllum. Þið hafið fyrir hönd íslenskrar þjóðar heiðrað minningu hinnar merku konu Guðríðar Þorbjarnardóttur, fremsta kvenlandkönnuðar allra tíma og fyrstu manneskjunnar sem heimsótti bæði Róm og Ameríku og var þar langt á undan Kólumbusi þótt hann hafi kannski verið nokkuð seigur að státa sig af afrekinu sem unnið var af Snæfellingum og Dalamönnum.

Guðríður og Leifur heppni voru reyndar með annað erindi en landaleit eina saman. Þau voru einnig í eins konar trúboðsför, fulltrúar kaþólskrar kristni með presta góða í áhöfn sinni.

Það hefur því á vissan hátt táknrænt gildi á okkar tímum að einmitt hér á heimslóðum þessara fornu brautryðjenda skuli hin kaþólska regla hafa um langa hríð unnið líknarstarf og lifað í hollustu við trú sína og sannfæringu.

Þótt Íslendingar hafi á sínum tíma tekið upp lútherskan sið hefur hið hálfá árþúsund sem kaþólskan ríkti verið í hugum okkar merkur tími; margir biskupar og prestar taldir forystufólk í menningu okkar og sögu.

Við máttum mikils á liðnu sumri að í Páfagarði var ákveðið að heiðra þessa íslensku trúararfleifð með því að senda háttsetta fulltrúa hinnar kaþólsku kirkju til að fagna með okkur þúsund ára afmæli kristnitöku. Og nýlega var helgistund í Landakoti þar sem kaþólskir biskupar Norðurlanda blessuðu trúarlíf í landi okkar og minntust með íslenskri þjóð þess líknarstarfs sem kaþólskar nunnur hafa unnið hér um langan aldur.

Í Stykkishólmi hefur starf hinna kaþólsku systra lengi átt sér traustar rætur og klaustrið verið þjóðinni tákni um trúna sem í einlægni og hógværð býr í brjóstum þeirra sem helga henni allt sitt líf.

Með heimsókn minni fyrr í dag bæði í klaustrið sjálft og sjúkrahúsið vildi ég heiðra það einstæða starf sem þar er unnið og færa þeim systur einlæggar þakkir íslenskrar þjóðar. Þær hafa auðgað trúarlíf og samfélagsþjónustu í landi okkar og einnig veitt okkur sýn á lífsgildin eilífu.

Hér á Snæfellsnesi eiga sagan og náttúran sér einstæðar heimaslóðir. Þórsnes og Þingvellir: þingstaðir til forna hér í nágrenninu, vagga þess lýðræðis sem síðar varð að allsherjarþingi við Öxará; með sama hætti helgir staðir og vellirnir sem urðu vettvangur Alþingis og kristnitöku.

Hér eru slóðir Eyrbyggju, Laxdælu og Grettlu, Bárðar sögu Snæfellsáss, Heiðarvíga sögu og annarra merkra sagnabálka; heimajörð Snorra goða á Helgafelli og hafði hann þó vistaskipti við Guðrúnu Ósvífursdóttur sem síðan bjó til æviloka á Helgafelli. Segir svo Landnáma um Þórólf Mostraskegg og fjallið merka:

„Hann hafði svo mikinn átrúnað á fjall það er stóð í nesinu er hann kallaði Helgafell, að þangað skyldi enginn maður óþveginn líta, og þar var svo mikil friðhelgi, að engu skyldi granda í fjallinu, hvorki fé né mönnum, nema sjálft gengi á braut. Það var trúa þeirra Þórólfs frænda, að þeir dæi allir í fjallið.“

Og Jón prófessor Helgason sem löngum sat innan um skinnhandritin í Kaupmannahöfn bætti svo um betur í kvæði sínu Áfangar:

„Upp undir hvelfing Helgafells  
hlýlegum geislum stafar;  
frænda sem þangað fór í kvöld  
fagna hans liðnir afar;  
situr að teiti sveitin öll,  
saman við langeld skrafar,  
meðan oss hina hremmir fast  
helkuldi myrkrar grafar.“

Og það segir okkur þjóðtrúin að gangi menn á Helgafell í fyrsta sinn og hefji för frá leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur og mæli ekki orð alla

leiðina upp á fjallsins tind og líti aldrei aftur fái sá hinn sami þrjár óskir uppfylltar.

Hvað sem líður óskum þeim mætti hér lengi kvölds rekja áfram sagnaarfinn sem varðveittur er á heimaslóðum ykkar Snæfellinga. Mikil er gæfa ykkar að búa að slíkri auðlegð ásamt þeirri dýrðarsýn sem landið sjálft, Snæfellsnesið og Breiðafjörður, veitir okkur öllum sem hingað koma.

Ég óska ykkur farsældar og gæfu um ókomna tíð og vona að sá kraftur og sóknarhugur sem ég hef kynnst í heimsókn minni verði ykkur áfram leiðarljós og hvatning til dáða.